

Samþykkt um þjónustustefnu KÍ

5. þing KÍ haldið 6.-8. apríl 2011 felur stjórn KÍ að halda áfram vinnu við þjónustustefnu KÍ. Mikilvægt er að unnið verði að gerð verkferla um starfsemi KÍ þar sem á skýran hátt komi fram hvaða þjónusta er í boði hjá KÍ, aðildarfélögum og sjóðum, hver veiti hana og hver sé ábyrgur fyrir hverjum þætti hennar.

Greinargerð:

4. þing KÍ fól stjórn KÍ að móta þjónustustefnu fyrir sambandið sem byggði á úttekt ParX á starfsemi KÍ. Það hefur nú verið gert og meginmarkmið hennar birt á heimasíðu KÍ. Mikilvægt er að halda vinnu við þjónustustefnuna áfram og að hún verði notuð sem stjórnþæki til að halda utan um þá þjónustu sem veitt er og tryggja að hún sé samræmd og öllum ljós.